

4. maí 2012
11050066 MJ

Alþingi
B.t. Nefndasviðs,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Umferðarstofu við frumvarp til laga um ökutækjatryggingar. Þingskjal
1171 - 733. mál.

Þann 30. apríl sl. óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Umferðarstofu um ofangreint frumvarp. Í frumvarpinu er Umferðarstofu falið mun umsvifameira hlutverk en stofnunin gegnir nú á grundvelli XIII. kafla gildandi umferðarlaga nr. 50/1987, sem og reglugerð nr. 424/2008 um lögmæltar ökutækjatryggingar. Athugasemdir Umferðarstofu eru eftirfarandi:

1. Í 3. tl. 3. gr. frumvarpsins er ökutæki skilgreint sem „Tæki sem skráningarskyld eru skv. 70. gr. umferðarlaga.“ Í núgildandi umferðarlögum nr. 50/1987 fjallar 70. gr. um leigu ökutækja en ákvæðið var fellt úr gildi með lögum nr. 64/2000 um bílaleigur. Í drögum að frumvarpi til nýrra umferðarlaga fjallar 70. gr. um skráningarskyldu og því ljóst að bíða verður með setningu laga um ökutækjatryggingar þar til ný umferðarlög verða samþykkt. Að öðrum kosti þarf að breyta skilgreiningu í 3. tl. 3. gr. þessa frumvarps, eða skilyrða hana með bráðabirgðaákvæði.
2. Með 12. gr. frumvarpsins er lagt til að komið verði á fót nýju gjaldi, vantryggingagjaldi, sem leggjast skal á ökutæki þegar lögboðin vátrygging þeirra fellur úr gildi. Með 1. mgr. 12. gr. virðist Umferðarstofu, án þess að það sé þó sagt beinum orðum, falið að leggja gjaldið á, sem og að innheimta það. Slíkt verkefni fer mjög illa með öðrum verkefnum Umferðarstofu, enda er stofnunin fyrst og fremst skráningarstofa ökutækja, eftirlitsaðili með skoðunarstofum, ökukennurum og ökuskólum, auk þess að sinna umferðararórðri, sbr. a. – e. lið 1. mgr. 112. gr. umferðarlaga. Innheimta og álagning vantryggingagjalds er þ.a.l. afar ólík og óskyld öðrum verkefnum stofnunarinnar.

Ef Umferðarstofa kemur til með að annast gjaldið mun hlutverk stofnunarinnar breytast umtalsvert og breytast úr skráningar- og eftirlitsstofnun í álagningar- og innheimtuaðila ríkissjóðs, en Umferðarstofa leggur í dag ekki á nein opinber gjöld, ef frá er talið umferðaröryggisgjald, kr. 400, sbr. 3. mgr. 114. gr. umferðarlaga, sem greitt er við hverja skráningu ökutækis hjá Umferðarstofu, sem



UMFERÐARSTOFA

og við skoðun ökutækis hjá skoðunarstofu. Engin umsýsla fylgir gjaldinu á borð við innheimtubréf eða annað því um líkt. Umferðarstofa sendir þannig aldrei út neins konar álagningar- né innheimtuseðla en aðrar ríkisstofnanir gera mikið af því, s.s. sýslumenn.

Til samanburðar er vanrækslugjald það sem leggst á óskoðuð ökutæki, sbr. 2. mgr. 67. gr. umferðarlaga auk 37. og 38. gr. reglugerðar nr. 8/2009 um skoðun ökutækja, hvorki innheimt né álagt hjá Umferðarstofu. Skoðunarstofur, ásamt ábyrgðaraðila gjaldsins, sýslumanninum á Bolungarvík, annast innheimtu þess gjalds. Eina opinbera gjaldið sem greitt er hjá Umferðarstofa, að frátöldu umferðaröryggisgjaldinu, er bifreiðagjald en því fylgir engin umsýsla á borð við þá sem myndi felast í innheimtu og álagningu vantryggingargjalds.

Í 9. mgr. 12. gr. frumvarpsins, sbr. einnig c-lið I. mgr. 23. gr. þess, segir að ráðherra megi fela öðru stjórnvaldi álagningu og innheimtu vantryggingagjaldsins. Umferðarstofa telur að kjörið væri að fela sýslumanni úti á landi það verkefni með reglugerð, líkt og gert var með vanrækslugjaldið, en sú ráðstöfun hefur gengið afar vel. Lítil sýslumannsembætti í litlum sveitarfélögum úti á landi eru tilvalin til að gegna slíku hlutverki. Bæði er um atvinnuskapandi verkefni að ræða, sem og verkefni sem fellur vel að öðrum verkefnum embættanna.

Í samræmi við allt ofangreint er því lagt til að Umferðarstofa verði ekki sá aðili sem ætlað verður að fara með álagningu og innheimtu vantryggingargjaldsins. Í samræmi við það væri því æskilegt að breyta 12. gr. frumvarpsins hvað þetta varðar, en ákvæðið í núverandi mynd gefur tilefni til að ætla að meginreglan sé sú að Umferðarstofa sé ábyrgðaraðili gjaldsins.

3. Í 4. mgr. 12. gr. er gert ráð fyrir því að bann verði lagt við notkun ökutækis, falli váttrygging þess úr gildi. Til að framfylgja því banni má fjarlægja skráningamerki ökutækis, festa á það tilkynningu um bann við notkun þess eða nota þar til gerðan tækjabúnað til að hindra notkun þess. Þá er heimilt að leita aðstoðar lögreglu við þessar aðgerðir.

Er talið að þetta atriði mæli einnig gegn því að Umferðarstofa verði ábyrgðar- og framkvæmdaraðili vantryggingargjaldsins, enda fer það verkefni að framfylgja banni við notkun ökutækja mjög illa saman með öðrum verkefnum stofnunarinnar.

Þá væru einnig mörg vandkvæði á því að Umferðarstofa gæti sinnt þessu hlutverki í framkvæmd. Í fyrsta lagi hefur Umferðarstofa eingöngu starfsemi að Borgartúni 30 í Reykjavík en ökutækin sem þyrfti að kyrrsetja/fjarlægja eru staðsett um allt land. Þar af leiðandi þyrfti að ráða fjölda starfsmanna sem staðsettir væru í hverjum landsfjórðungi til að annast verkið. Í öðru lagi þyrfti Umferðarstofa að ráða til sín löglært starfsfólk til að annast kyrrsetningabeiðnir til sýslumanna í þeim umdæmum sem eigendur ökutækjanna búa, sem og nauðungarsölubeiðnir. Í þriðja lagi þyrfti Umferðarstofa að hafa yfir að ráða geymsluhúsnæði fyrir þau ökutæki sem fjarlægð yrðu í hverjum landshluta, og þá fleiri en eitt geymsluhúsnæði í hverjum landshluta þar sem tæplega væri unnt að færa ökutækin mörg hundruð kílómetra á milli staða. Í fjórða lagi þyrfti stofnunin að



UMFERÐARSTOFA

eiga dráttarþifreiðar til að fjarlægja og flytja óváttryggðu ökutækin á milli staða, s.s. vegna hugsanlegrar nauðungarsölu eða förgunar. Eins og gefur að skilja fylgja ofangreindu gríðarleg fjárútlát.

Ef að sýslumannsembætti verður gert að ábyrgðaraðila gjaldsins, líkt og Umferðarstofa leggur til að framan, er talið að sum þessara vandkvæða muni einnig eiga við. Er því lagt til að ábyrgðaraðila gjaldsins verði gert kleift að fá verktaka til að framfylgja banni við notkun ökutækja skv. 4. mgr. 12. gr. Væri hægt að kveða á um slíka heimild beint í 4. mgr. 12. gr. frumvarpsins, eða í reglugerð þeirri sem setja skal á grundvelli c-liðar 1. mgr. 23. gr. þess.

Loks ber að minnast á lokamálslið 4. mgr. 12. gr., en eins og að ofan greinir segir þar: „*Heimilt er að leita aðstoðar lögreglu við aðgerðir samkvæmt þessari grein.*“ Talið er æskilegt að skýrt verði frekar hversu víðtæk þessi heimild á vera, en e.t.v. væri kjörið að gera slíkt í reglugerð þeirri sem setja skal á grundvelli c-liðar 1. mgr. 23. gr. frumvarpsins.

Samandregið er niðurstaðan sú að búa þurfi svo um, að úrræði 4. mgr. 12. gr. verði virkt, enda myndi vantryggingagjaldið annars ekki þjóna tilgangi sínum eins og best væri á kosið. Ótækt er að menn komi til með að geta greitt gjaldið og haldið áfram að aka ökutækjum sínum ótryggðum.

4. Í 5. mgr. 12. gr. frumvarpsins kemur fram að eiganda ökutækis, og váttryggingartaka eftir atvikum, skuli án tafar send tilkynning með sannanlegum hætti um álagningu vantryggingagjalds og réttaráhrif hennar og eftir atvikum um bann við notkun ökutækis. Skal honum veittur 14 daga frestur frá birtingu annaðhvort til að greiða iðgjald váttryggingar sem er í vanskilum og áfallið vantryggingagjald auk kostnaðar eða til að skrá ökutæki ótímabundið úr umferð.

Umferðarstofa varar við því, umfangsins og kostnaðarins vegna, að sett séu of ströng skilyrði hvað varðar birtingu skv. ákvæðinu, t.d. að hún verði framkvæmd af stefnuvotti eða með ábyrgðarpósti. eru nú rúmlega 7.000 ökutæki, af þeim 300.000 sem skráð eru í ökutækjaskrá, ótryggð.

5. Í síðasta málslið athugasemda við 12. gr. frumvarpsins kemur fram að vantryggingagjald skuli renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði vegna innheimtu þess.

Varðandi kostnað við innheimtu gjaldsins, bendir Umferðarstofa á að ef fyrirhuguðu vantryggingargjaldi verður komið á fót, verður að gera ráð fyrir umtalsverðum kostnaði við slíka framkvæmd. Forritunarvinnan á bak við gjaldið verður án efa tímafrek og kostnaðarsöm, svo taka verður tillit til þess verði gjaldið að veruleika. Þá verður að huga að því að hluti gjaldsins sem innheimt verður renni til viðkomandi innheimtuaðila til að tryggja rekstur tölvukerfa og standa straum af skrifstofu- og starfsmannakostnaði.

6. Ekkert er minnst á kærheimild eða kæruleið í frumvarpinu. Hvað vantryggingagjaldið varðar er lagt til að ábyrgðaraðili gjaldsins hafi eðli máls



UMFERÐARSTOFA

samkvæmt ákvörðunarvald á fyrsta stjórnarsýslustigi, en síðan verði kveðið á um kærueimild slíkra ákvarðana til nánar tilgreinds æðra stjórnvalds.

Virðingarfyllst,

Marta Jónsd.

Marta Jónsdóttir, lögfr.